

Nr. 19-087 S 056 Ísey ÁR 11***Skipverjar slasast við veiðarfæri***

Skipaskr.nr: 1458
 Útgerð: Saltaberg ehf.
 Smíðaður: Seyðisfirði, 1976, stál.
 Stærð: 98,76 brl. 159,87 bt.
 Mesta lengd: 26,92 m Skráð lengd: 24,96 m
 Breidd: 5,9 m Dýpt: 5,3 m
 Vél: Caterpillar, 249,0 kW, 1975.
 Fjöldi skipverja: 6



Ísey©NN

Gögn:

Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 15. maí 2019 var Ísey ÁR 11 á dragnótarveiðum á SV miðum. Veður: SSA 10-15 m/sek. og ölduhæð um 3 m.

Skipverjar voru að undirbúa að hífa um borð pokann á voðinni. Einn skipverjanna fór í að draga gilsinn aftur eftir en þegar slakað var á honum brotnaði festing fyrir stjórnborðs bómusvingarann (gertann) með þeim afleiðingum að bóman losnaði upp og tók að kastast til á milli borða með veltu skipsins.



Myndin sýnir brotna festinguna fyrir stjórnborðs bómusvingarann.

Skipverjinn sem stjórnaði spilinu ætlaði þá að fella bómuna en á veltunni fékk hann blökk á bakborðs bómusvingaranum í hnakkann. En skipverjinn sem var að draga gilsinn aftur eftir skipinu fékk vírinn í höfuðið og slink á bakið þegar bóman losnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að festing (nál) fyrir bómusvingarann (gertann) stjórnborðsmegin brotnaði þegar losað var upp á bómuspilinu. Nálín var rafsoðin á súlu sem sett hafði verið upp til að hægt væri að slaka eða taka af slaka af bómusvingaranum eftir þörfum;
- að bómusvingarinn bakborðsmegin var festur í keng með lás;
- að ekkert átak var komið á bómuna;
- að báðir skipverjar voru með lokaða öryggishjálma;
- að skipverjinn sem var á spilinu tagnaði á baki og hálsi en skipverjinn sem hélt í gilsinn tagnaði á baki. Annar þeirra var ekki lögskráður á skipið þrátt fyrir að hafa verið á því í um sex vikur.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var sú að festing fyrir bómuna var ófullnægjandi.

Nefndin átelur að lögskráning hafi ekki verið í lagi.